

Mál nr. 12/2007

**H
og
X hf. vegna slysaliðar fjölskyldutryggingar**

Tjón vegna handalögmála 13. október 2002.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 12. janúar 2007 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá X hf. dags. 22. janúar 2007.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að H var á gangi á götu þegar til handalögmála kom milli hans og annars manns. Þeim var stíað í sundur. H hélt áfram göngu sinni og stökk sá sem hann hafði áður átt í handalömalum við aftan á H og féll H áfram í götuna og hinn ofan á. H slasaðist í fallinu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að nánast strax eftir að H og öðrum manni hafði verið stíað sundur vegna handalögmála stökk maðurinn á H með þeim afleiðingum að H féll fram á við og slasaðist. Með vísan til gr. 34.3 í vátryggingarskilmálum slysaliðar fjölskyldutryggingar H telst tjónið ekki bótaskyldt vegna áhættutöku H.

Niðurstaða.

Tjón H bætist ekki úr slysalið fjölskyldutryggingar H.

Reykjavík, 13. febrúar 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.